

Tabula memorialis

Sr. Þórir Stephensen hefur nýtt tólmstundir sínar undanfarin ár til að taka saman sögu afa síns, sr. Stefáns „sterka“ Stephensen (1832-1922). Bókin hefur hlotið heitið *Stefán sterki* og kemur út síðar á þessu ári. Svo vill til, að í haust eru liðin 160 ár frá prestsvígslu hans.

Margir afkomendur hans, frændur, ættingjar og vinir hafa óskað eftir því að eignast þessa bók, einnig þeir sem sagnfræði unna, persónusögu og þjóðlegum fróðleik að ógleymdum skemmtilegum krafta- og brennivínssögum. Af slíku er þó nokkuð í *Stefáni sterka*. Einnig er hún gott innlegg í sögu Árneshöfings. Þess vegna hefur verið ákveðið að bjóða áhugafólki að skrá sig á það sem hér er nefnt Tabula memorialis, minningartöflu sem birt verður fremst í bókinni, til heiðurs sr. Stefáni vegna vígsluafmælis hans. Um leið býðst þeim sem það gera bókina á kr. 5.500, en fullt verð er kr. 6.990.

Með því að leggja bókarverðið kr. 5.500 inn á reikning nr. 0370–13–906171, kt. 010831-2109 í Arionbanka, skráir fólk sig jafnframt á minningartöfluna. Bókin verður afhent á útgáfuhátíð er þar að kemur eða send þeim, sem ekki komast þangað.

Til nokkurrar glöggvunar á efni bókarinnar fylgir hér lokakafli hennar:

Speculum pastorale

Yfirskrift þessi þýðir spegill eða spegilmynd prests. Hún varðar bæði tilurð þessa rits og niðurstöður. Höfundur hóf vegferð sína í leit að þekkingu um afa sinn. Hann þráði að eignast skýra eða skýrari mynd af þessum þjóðsagnakennda persónuleika, sem Stefán sterki hefur verið í hugum manna og oft kallað á umræðu þeirra sem yndi hafa af persónusögu og þjóðlegum fróðleik. Þegar höfundur fór að leita fanga, er gætu skapað skýra drætti í þessa mynd, lofaði hann sjálfum sér, að liggja ekki á þeim heimildum, sem nútíminn telur neikvæðar. Þetta átti alls ekki að verða glansmynd, heldur sönn mynd eða eins sönn og hægt er í dag. Hitt er og staðreynd, að í innra lífi einstaklingsins eru jafnan þættir, hugarfylgsni, sem ekki verða skoðuð, nema sá, sem þau geymir, hafi sjálfur opinberað innihald þeirra í einlægni.

Því verður aldrei svarað, hver áhrif það hefur haft á sálarlíf hins unga drengs að fara frá foreldrum sínum í fóstur. Þótt það væri afar gott, hefur það aldrei verið eins og í kærleikssamfélagi foreldra og systkina. Að vera neyddur í skóla hefur ekki síður reynt á. Þar af leiðandi erfitt gengi á fyrri hluta námsbrautarinnar hlýtur og að hafa valdið einhverjum raunum. Allt hefur þetta sett „á manninn mark,“ en sagan er þó þannig, að líklegast er, að þetta hafi allt fallið í farveg þar sem straumar reynslunnar „meitluðu svip og stæltu kjark.“

Enginn vafi leikur á því, að vinnautn sr. Stefáns hefur verið umtalsverð framan af starfsárum hans og neikvæð fyrir hann á flestum sviðum lífs hans. En hann hefur náð tókum á henni um miðbik tímans á Ólafsvöllum. Eftir það má fyrst og fremst tengja hana við ferðalög eins og hann segir sjálfur í umsókn sinni um Reykholt.

Vinnautn og ástleitni, jafnvel fjölpreifni í kvennamálum, fara gjarnan saman og hafa ætíð gert. Hversu siðlegt það er eða syndsamlegt, hlýtur að vera afstætt, háð aðstæðum hverju sinni. Sr. Stefán virðist alla tíð hafa verið lífsglaður, maður stemningar eða hughrifa. Ytri glæsileiki, glaðværð og sönggleði ásamt hlýjum persónuleika hafa víða rutt honum braut, skapað hrifningu kvenna og jafnvel ástleitni þeirra. Á móti kemur, að eðlislæg kurteisi mun einnig hafa sett mót sitt á framkomu hans. Orðrómur um barneignir utan hjónabands hefur lengi fylgt íslenskri prestastétt, einnig um þrautaráðið að borga vinnumanni fyrir að gangast við króganum eða jafnvel kenna hann nýlátnum manni. Fáein tilfelli slík hefur höfundur heyrt um, tengd sr. Stefáni. Eitt þeirra snertir veru hans á Ólafsvöllum. Stúlkubarn, sem þar var um rætt, reyndist svo vel fullorðin kona, að flestir hefðu talið sér sóma að skyldleika við hana. En hafi hún fæðst eftir venjulega 40 vikna meðgöngu, hefði hún þurft að koma undir nokkrum dögum áður en veitingarbréfið fyrir Ólafsvöllum var gefið út. Það er því ekki trúleg saga. Fleira hefur flogið fyrir þessu líkt, en ómögulegt að festa þar hendur á nokkru.

Sé enn leitað snöggra bletta á sr. Stefáni og það gert með gleraugum nútímans, þá verður fljótlega fyrir augum hinn ráðríki, afskiptasami klerkur og búiöldur. Sóknarprestur með sterkan hug á velferð fátæks fólks þurfti oft að beita slíku og kom þannig oft miklu góðu til leiðar. En sr. Stefán áttaði sig ekki ætíð á því að tímar voru mjög að breytast á þann veg, að almenningur varð æ meðvitaðri um rétt sinn og æ gagnrýnni á forræðishyggju yfirvalda, bæði veraldlegra og andlegra. Í dag má segja, að hann hafi verið einn af síðustu fulltrúum goðavaldsins í sóknum sínum. Breytt viðhorf í þessum málum urðu honum á stundum erfið, einkum eftir að hann var hættur embættisstörfum, þótt það hafi ekki lækkað gengi hans að ráði. Þar skipti miklu máli, hve heill hann var, viljugur að viðurkenna mistök sín og manna fúsastur til sátta.

Líkamskraftar hans gáfu honum viðurnefnið „sterki.“ Hann miklaðist aldrei af þeim, beindi talinu jafnan að öðrum sterkum mönnum úr samtíð sinni. En svipminni hefði saga hans orðið án sagnanna af átökum hans, svo fjölbreytt og frækileg sem þau voru.

Sr. Stefán kom sárafátækur að Ólafsvöllum, en honum tókst þar, með dugnaði og forsjá, að koma traustum fótum undir efnahag sinn. Af mikilli hörku hóf hann sig yfir ótrúlegar raunir í fjölskyldumálum og varð sterkur og framsýnn athafnamaður

í öllu, er að búskap lýtur. Eftir það stóð hann ætíð í röð fremstu manna í sýslunni, einnig hvað efnahag snertir. Hann varð ótrúlega fundvís á nýjungar, sem skiptu miklu máli fyrir þjóðarhag. Er þar hugsað til Skeiðaáveitunnar og framkvæmda hans á Ólafsvallaengjunum, tilraunar til svínaræktar, framkvæmda Búnaðarfélags Grímsneshrepps undir hans stjórn og tillagna sem lögðu grundvöllinn að Búnaðarfélagi Íslands. Hér má einnig nefna tillöguflutning hans í sýslunefnd, sem leiddi til stofnunar Sláturfélags Suðurlands og síðar Kaupfélags Árnesinga.

Sennilega hefur enginn sunnlenskur prestur verið honum fyrirferðarmeiri á ritvelli þjóðmálaumræðunnar á hans manndóms- og efri árum. Frelsisprá og föðurlandsást voru þar víða áhrifavaldar. Af þeim leiddi oft sterka hvöt til framfara. Járnbrautarmálið sýnir hæfni hans til að meta fjárhagslegan og rekstrarlegan grundvöll slíkra fyrirtækja. Áhugi hans fyrir vesturförum spratt af umhyggju fyrir þeim fjölmörgu hæfu einstaklingum, sem Ísland gat ekki skapað tækifæri til sómasamlegs lífs. Þegar hann fór offari í greinaskrifum um þær, tókust góðar sættir. Í Sogsbrúarmálinu tók hann, undir lokin, skakkan pól í hæðina.

Umsagnir yfirmanna hans og annarra um störf hans á akri kristninnar fjalla um samviskusaman prest, góðan sálusorgara, sem lét sig varða bæði veraldlega og andlega velferð sóknarbarna sinna, var duglegur við messuhald, húsvitjun og barnafræðslu og hvatti til framhaldsnáms afburðanemenda. Honum hefur sérstaklega verið hælt fyrir dugnað á ferðalögum og samviskusamlega færslu embættisbóka. Skoðun á ræðumennsku hans kemur vel út og hann var ágætur söngmaður. Það sem hann birti á prenti er vel skrifað. Það er einnig, að langmestu leyti, vel rökstutt og margt sýnir þar mikla þekkingu og framsýni. Hann var hreinn og beinn, heill og sannur, hvar sem hann kom að málum, hugsjónamaður en þó með báða fætur á jörðinni.

Spegill sýnir aldrei allt. Ekki heldur rannsókn á ævi manns eftir heimildum. En það hefur leitað æ meir á huga höfundar þessarar ævisögu, sem mest er saman sett úr myndbrotum ritaðra heimilda og minningaslitrum ástvina, að lærifeður Stefáns sterka í Prestaskólanum hafi reynst sannspáir er þeir gáfu honum áðurgreinda umsögn á lokaprófi:

Hann hefur að voru álitum góðar gáfur. Þar að auki er hann þrekmikill og duglegur maður og hefur þannig hæfilegleika til að verða uppbyggilegur prestur og góður félagamaður.

Það hygg ég saga þessi sanni.